


HEIMIR



EFNISYFIRLIT

Á eldadaginn	Stephan G. Stephansson
Skilningur á gömlum skóðum og nýjum	Ritstj.
Grfska menningin og kristindómurinn (þýtt)	T. B. Jevons
Cur deus homo? (þýtt)	Rev. Stephen Peebles
Úr ýmsum áttum	Ritstj.
Leitabú Guðs	Jón Laxdal
Kom þú Krists að leita	Jón Laxdal
Hugmyndasambönd	Ritstj.
Vilhjálmur í mytunni (saga)	Robert Louis Stevenson





VIII. ÁR

1911

1 BLAD

TIMBUR!

 Vör höfum miklar byrgðir af tegldu og óteglu timbri.
 Vör innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor!

The Empire Sash & Door Co. Limited
Henry Avenue, East

P E S S I R E R U

útsölu og innheimtumenn Heimis Í BANDARÍKJUNUM

Deir taka á móti úskriftargjaldi og semja við kaupendur fyrir bladsins hönd, hver í sínu bygðarlagi.

Jónas Hall, Garðar, N. Dak.

Björn Halldórsson, Garðar, N. Dak.

Magnús bóksali Bjarnason, Mountain, Dak.

Árni Magnússon, Hallson, N. Dak.

Hjálmur G. Laxdal, Svold og Akra, N. Dak.

Björn H. Hjálmarsson, Akra, N. Dak.

Mathusalem Olason, Hensel, N. Dak.

Dr. G. J. Gíslason, Grand Forks, N. Dak.

Séra M. J. Skaftason, Souris, N. Dak.

Christ. Johnson, Duluth, Minn.

Thorl. Thorfinnsson, Munich, N. Dak.

Magnús Johnson, Blaine, Wash.

Sveinn Northfield, Edinburgh, N. Dak.

Heimir, 555 Sargent Ave. Winnipeg, Man.

HEIMIR

Gefinn út af hinu

ÚNÍTARISKA KYRKJUFÉLAGI
VESTUR-ÍSLENDINGA.

VIII. ÁRGANGUR.



WINNIPEG, MANITOBA.

1912--1913.

EFNISYFIRLIT.

	Bls.
Að standa við aðalatriðin, (þýtt) Van Ness	155—159
Ameríska Únítarafélagið: Ritstj.	153—155
Arfgengi: Ritstj.	128—131
Á eldadaginn, (Kvæði) Stephan G. Stephansson ..	1— 3
Á Gamlárskvöld 1912, (Ræða) Rögnv. Pétursson	232—238
Áheit í sjávarháská, (Saga) August Strindberg ..	161—167
Ársfundur Winnipeg safnaðar: Ritstj.	256—257
Ársskýrsla Ameríska Únítarafélagsins	209—210
Babtrúin: Ritstj.	131—136
Blóm og ávextir, (þýtt) Robert Collyer ..	248—251
Bréf til Orpodox vinar, (þýtt) ..	125—128
Bæjarferð, (saga, þýdd) M. Scheibrok ..	214—216
Börn, (Kvæði eftir Longfellow) E. J. Árnason ..	49— 51
Cur Deus Homo, (þýtt) Stephen Peebles	11— 13
Draumar: Ritstj.	251—256
Dulríðar stefnur nútímans: Ritstj.	51—56, 74—78, 110—114
Dýraveiðin, (saga) August Strindberg ..	259—264
Eitt af hlutveikum kyrkjunnar: Ritstj. ..	210—212
Félagsmálin: Rögnv. Pétursson ..	86— 88
Flóðsögur ýmsra fornþjóða: Ritstj.	219—222
Fólkið, (Kvæði eftir W. Nesbit) E. J. Árnason ..	169—170
Framþróun síðriðis: Ritstj.	179—183
General Conference: Ritstj.	42— 43
Gríska menningin og kristindómurinn, (þýtt) T. B. Jevons	6—11, 30—36
Guðsafneitun og Guðneitendur, (þýtt) J. Einarsson ..	107—111
Henri Bergson: Ritstj. .	97— 99
Hugmynda sambönd: Ritstj. ..	17— 19
Hugsjónir og framkvæmdir, (þýtt) John Snyder ..	173—175
Hvað er varanlegt? Ritstj. ..	229—232
Hættuleg einfeltni: Ritstj.	183—185
Íslenzkir Höfuðlærdómar, (ritdómur) Ritstj.	213—214
Karlmenska, (Kvæði eftir J. Neihart) E. J. Árnason ..	217—218
Kjör Verkamanna: Ritstj.	170—173
Kom þú Krists að leita, (Kvæði) Jón Laxdal ..	16— 17
Leitadu Guðs, (Kvæði) Jón Laxdal ..	15
Listin að lengja lífið, (Eimreiðin) Steingr. Matthíasson ..	112—115
Lífs og líðinn, (Kvæði) Kristinn Stefánsson ..	25

IV

	Bls.
Lífsúbyrgð og bindindi, (Þýtt) Ritstj.	167—168
Ljóminn á andlitunum, (Þýtt) Ritstj.	225—229
Lúther sem fyrirrennari frjálslyndis: Ritstj.	195—197
Madonna, (Kvæði eftir Robert Service) E. J. Árnason	37
Mótspyrna: Ritstj.	104 107
Nokkrar athugasemdir: Ritstj.	38—40
Nokkur atriði úr trúarbragðasögu Forn-Grikkja: Ritstj.	61—64
Nótt úti á Hafi, (Kvæði, Þýtt) E. J. Árnason	136—137
Nýársnótt: Ritstj.	73—74
Pegasus í réttinni, (Kvæði eftir Longfellow) E. J. Árnason	141—143
Presturinn í badstaðnum, (saga) August Strindberg	187—192
Ráðsmannshillan: S. B. Brynjólfsson	96
Ríkiskyrkja og Frikyrkja: Ritstj.	147—149
Robert Collyer, (Eiðsaga með mynd) Ritstj.	244—247
Sameining kyrkna, (Þýtt) Ritstj.	142—144
Samvinna: Ritstj.	269—273
Sjöunda þing Hins Únitaríska Kyrkjufélags Vestur-Íslendinga	274—288
Skilningur á gömlum skodunum og nýjum: Ritstj.	3—6
Skýlda frjálslyndra manna gagnvart röngum trúarbrögðum, (Þýtt)	207—208
Sköpunarsaga Indíána: Ritstj.	176—179
Svar til séra Jóhanns Bjarnasonar: Ritstj.	238—240
Trú Rauðra manna og Hvíttra, (Þýtt) E. J. Árnason	150—153
Um Magnús Eiríksson, (Óðinn) Fredr. C. B. Dahl	197—203
Unglingsfall, (Kvæði) Guðm. Friðjónsson	267—269
Úr ýmsum áttum: Ritst. 13, 43, 66, 89, 116, 159, 185, 210, 257	
Úr Helgisögum Ítala, (Þýtt) Rögnv. Pétursson	26—29
Úr Hvers dags lífinu, (Kvæði) Guðm. Friðjónsson	265—267
Vantúaður prestur, (æftir Þjóðviljanum)	223—224
Við óminnis Elfunna, (Kvæði) Stephan G. Stephansson	121—122
Við nábeð Magnúsar Eiríkssonar, (Kvæði) Bertel E. O. Þorleifsson	204—205
Vitsmunir: Ritstj.	81—85
Vilhjálmur í Mylnunni, (Saga) Robert L. Stevenson 20, 46, 68, 91, 117, 137	
Æska: Ritstj.	122—124





VII. argangur

WINNIPEG, 1911.

I. blað.

Á ELDADAGINN.



I.

Dú hefir fyrstur mínum svörtu sjónum
sýnt hve dýrðlegt morgunljósið er!
Er mig lífið lagði í kjöltu þér,
og þú barst mig undan fyrsta snjónum,
Október.

Ég hef' stundum ætlað þeim að segja,
er til lífs og kvæða glöddu mig,
orð, sem inn til hjartans syngju sig --
sé þar ógert sumt, ei má ég þegja
samt um þig.

Margra góðra gæða naut ég frá þér,
getið þess að sé, er minst í vil
þinni vild, né veldur þínum yl. --
Gjafa-skjöld ei skildir eftir hjá mér
skrum-ljóðs til.

II.

Maí svelti söng-gestina fleygu —
 sitja þeir við eftirlaun hjá þér,
 ferðbúinn og þögnll þó sé hver.
 Þeim er sjálfsgöð alls-nægð þinnar eigr.
 Október.

Veit ég, rós er rjóðari í kinnum
 regnsæls júní, heldur en á þér.
 Ársins gimsteinn, allan blæ þú ber!
 Svip af prúðri elli og æsku-minnum,
 Október.

Júlí, oft þó alls-loforður sértu
 um það sem að giftuvæulegt er,
 þú í geði veður-vöða ber. —
 Góðum vonum ekki, eins brigðull ertu,
 Október.

Ágústs dæsu-hitar heitar' funa
 held'r en sólskins rósemdin á þér,
 svíða það sem örmagnaðast er. —
 Hátún grænka og aðbúð þinni una,
 Október.

September er sólu-fyrirdrægur,
 svalnættur og grálundaður er,
 kalsa undir köldum rifjum ber. —
 Þú ert oftast öllum stráum vægur,
 Október.

III.

Sú er reynd, þú sért ei allur illur,
 ekki þegar liggur verst á þér. —
 Slíkan orðstír einnig kysi eg mér!
 Oft hafa bjargað öllu þínar stillur,
 Október.

Sé á þína sólu runnin bleikja,
 sí-heiðskír er brún þíns lofts og sjós,
 tungl og stjörnur stafa fjall og ós.
 Vetrar-nóttin nam af þér, að kveikja
 Norðurljós.

Það er títt, að haustblóm-krónur hrumar
 hafa lifað æsku sína á þér,
 ellifrjór, sem umhugsun þín hver
 ofist hafi inn í næsta sumar,
 Október.

Fengi eg síðast sumar-langt að vinna,
 sérhvert dagsverk þegar framselt er:
 Hinstu örlög mættu mér á þér
 stíla eindag æfi-skulda minna,
 Október.

1911.

STEPHAN G. STEPHANSSON.

Skilningur

á gömlum skoðunum og nýjum.

Eitt af því, sem íhaldssamir menn nota til að verja málstað sinn með, er sú kenning, að öll nýmæli skorti festu og öryggi, sem nauðsynleg sé, til þess að mönnum sé óhætt að fylgja þeim. Með því að yfirgefa hið gamla og viðtekna, segja þeir, yfirgefa menn eitthvað, sem þeir vita hvað er, sem er reynt og hefir reynzt stöðugt og óhaggandi. Þessi kenning er bæði röng og skaðleg; hún er fordómskenning, sem hefir ekki við nein veruleg sannindi að styðjast.

Það er óhætt að segja, að um flestar gamlar og viðteknar skoðanir, hvort heldur í stjórnámálum, trúmálum eða einhverju öðru, viti almenningur mjög lítið. Flestir vita í raun og veru meira um hið nýja í hreyfingum og hugsunarhætti, sem er að myndast í mannlífínu kringum þá. Til þess að vita hvað einhver viðtekin skoðun er, er nauðsynlegt að þekkja hana frá byrjun; þekking á uppruna hennar er engu síður áriðandi, en þekking á núverandi ásigkomulagi. En all-oftast er fjöldi þeirra, sem þátt taka í almennum málum, mjög ófróðir um uppruna hinna sérstöku skoðana. Til þekkingarinnar á uppruna þessa eða hins tilheyrir ekki að eins það, að geta rakið það eitthvað aftur í tímann, að einhverjum sögulegum upptökum, heldur einnig að vita hvers vegna það varð til. Setjum svo, að fyrir hundrið árum hafi einhver viss stjórnámálaskoðun hafist hjá einhverri þjóð og rutt sér til rúms, þar til hún var alment viðtekin. Þó maður viti hvenær hún hófst, hverjir upphafsmenn hennar voru, hvernig hún útbreiddist o. s. frv., þá er það ekki að þekkja hana til hlýtar. Hvað var áður en hún kom til sögunnar? hvað orsakaði byrjun og útbreiðslu skoðunarinnar? hvernig voru kringumstæðurnar, sem hún myndaðist undir? Þetta eru spurningar, sem verður að svara til þess, að mögulegt sé að gera sér grein fyrir þýðingu skoðunarinnar um allan þann tíma, sem hún hefir varað.

Séu nú orsakir og byrjunar-skilyrði kunn, þá er um leið fengið eitt aðal-skilyrðið fyrir réttum skilningi á skoðuninni eins og hún er. Þá sést að hún hefir ekki risið af tilviljun, eða samkvæmt vilja einhverra vissra manna, heldur af nauðsyn, sem einhverjar breytingar í almennum hugsunarhætti þá sköpuðu. Með því nú að athuga, hvort samskonar nauðsyn sé enn þá til í hugsunarhætti manna yfirleitt, fæst réttur skilningur á skoðuninni og gildi hennar, ef það er nokkurt. Að slíta skoðunina út úr sínum eðlilegu samböndum í heildinni, sem hún tilheyrir, er að sýna hana í röngu ljósi. Þannig einangruð er hún í raun og veru óskiljanleg. Og þegar þess svo er krafist, að henni sé fylgt að eins vegna þess, að hún hafi varað um lengri tíma, án tillits

til þess, hvort hún enn þá stendur í nokkru verulegu sambandi við hugsanalíf manna, þá er krafist að menn fylgi því, sem þeir ekki þekkja.

All-flestir menn þekkja viðtekna skoðanir að eins til hálfis; þeir þekkja þær eins og þær eru orðnar, eftir að hafa gengið í erfðir eina kynslóð fram af annari, og hafa fengið á sig einhvern vissan blöð með hverri. Um uppruna þeirra vita flestir næsta lítið nema máskæ að eins í yfirborðinu. Hin eina festa, sem þær oft og einatt hafa í hugum almennings er sú festa, sem vani og skortur á verulegri hugsun orsakar.

Nýjar skoðanir, hvaða eðlis sem þær eru, geta náttúrlega verið mjög óstöðugar, þær getur skort verulega rófestu í jarðvegi hins andlega lífs. En þó svo sé, munu menn oftast í raun og veru skilja þær betur og tileinka þær sér betur, en hinar gömlu. Það kemur til af því, að þær tilheyra því lífi sem menn lifa á einhvern hátt; þær eru ekki með öllu óskyldar því sem er, heldur standa í einhverju sambandi við það. Þegar hinar nýju skoðanir snerta þau málefni, sem eru mönnum mest áhuga- og alvörumál, þegar þær eru sönn viðleitni einhverra að grafa niður að neðsta grunni mannlegs sálarlífs á einhverju starfssviði þess, en ekki óeinlægnislegt kák og blekkingar, þá eru þær það stöðugasta, sterkasta og áhrifamesta, sem til er. Allar gagngerðar byltingar og ástands-breytingar í lífi þjóða og einstaklinga hafa átt sér stað vegna þess, að nýjar skoðanir hafa myndast, sem hafa gegnsýrt hugsunarháttinn og lífið sjálft. Þessar skoðanir hafa menn skilið og þekt; þær hafa verið einn hluti lífs þeirra; þær hafa vaxið upp af einhverri þörf, sem menn fundu ljóst til. Menn taka ekki við þess konar skoðunum vegna þess, að þær gilda sem rétt meining; þær vaxa upp í sálum þeirra, og það þó þær komi, eins og allar skoðanir verða að gera, fyrst í ljós hjá einstökum mönnum. Hugsandi mennirnir svo nefndu, nefnilega þeir sem hugsa frumlega, hugsa jafnan það sem vakir í tilfinningu fjöldans, en sem þeir einir geta látið birtast í hugmyndum og skoðunum.

Hið nýja og núverandi, það sem á sér djúpar rætur í mannlífinu, eins og það er; það sem felur í sér alvarlega viðleitni að

komast að kjarna málanna og viðburðanna, er sannleikur. Það er hverjum rétt hugsandi manni eðlilegt og það er hið eina örugga — hið eina, sem vér getum sagt um. á þetta reiði ég mig, þetta skal vera mér sannleikur og vissa.

Gríska menningin og kristindómurinn.

Eftir T. B. JEVONS.

(Þýtt úr The Harvard Theological Review 1908).

(Frh.) Þannig hafði gríska menningin, jafnvel áður en rómverska keisararíkið varð til, myndað eitt samfélag úr hinni bygðu veröld í viðskiftum, siðferði og mentun, og undirbúið jarðveginn jafnt fyrir gyðingatrú, miþratrú og tilbeiðslu verndaranda keisarans. Og ekki að eins var samfélag myndað, sem náði út yfir hinn forna heim, heldur hófst einstaklingurinn til sjálfsmeðvitundar; það var nýtt atriði í kringumstæðunum, sem ekki var líklegt til að styðja þroska keisara verndaranda tilbeiðslunnar, hversu mikið sem það annars hvatti einstaklinginn til að nota persónulegt frelsi sitt í trúar vali sínu. Í þriðja lagi höfum vér séð aðferð Stófkanna að hafa áhrif á einstaklingana með strætaprédikunum, aðferð, sem reyndist mjög gagnleg fyrir útbreiðslu kristindómsins, þó hún væri fundin upp af heiðingjum í þarfir siðferðislegra endurbóta.

Gríska menningin hafði þannig myndað nýtt samfélag, sem að vísu hafði ófullkomið skipulag, vegna þess að hið sameinandi afl einnar trúar vantaði enn þá, þó bönd sameiginlegrar, vitsmunalegrar og siðferðislegrar menningar héldu því saman. Þetta nýja samfélag var öðruvísi en öll önnur á undan því, það saman stóð af einstaklingum, og það var einstaklingsins að ákveða hvaða trú, eða hvort nokkur trú, þá verandi eða enn ómynduð, skyldi verða eign allra meðlima samfélagsins, vegna þess að hún væri persónuleg sannfæring hvers einstaklings. Stjórnarfars-

legu umskiftin, sem fylgdu útbreiðslu rómverska keisararíkisins, eyðilögðu borgar-rikin og um leið tilbeiðslu borgar-guðanna og jafnvel trú borgarbúanna yfirleitt á þau. Framför vísinda og heimspeki, jafnvel fyrir daga grísku menningarinnar, hafði þær afleiðingar, að hinir meituðu efuðust um og stundum opinberlega neituðu hinni arfteknu fjölgyðistrú; og síðar gróf bún undirstöðuna undar trú fjöldans. Mannsálirnar voru samt ekki undir það búnar að láta sér nægja eintóma neitun. Þær leituðu fyrst að einhverju ákveðnu og föstu í áttina til allsherjar trúar. Fjölgyðistrúarbrögð hinna ýmsu þjóða áttu að styðja og sauna hvor önnur, með því að sýnt væri, að sömu guðina væri að finna í þeim öllum, en að eins með mismunandi nöfnum; heimurinn var eitt samfélag, sem að vísu hafði ekki einn guð, en sama guðafjöldann alstaðar til að dýrka. Hreyfing í þessa átt, sem finst í ritum Heródotusar og sem notaði sér álit það, sem hin eidgeimla egypzka fjölgyðistrú naut, virtist fá stuðning frá útbreiðslu átrúnaðar á egypzka, frýgiska og sýrlenzka guði víða um lönd grísku menningarinnar. En gengi hennar varð henni að falli. Sú hugmynd, að guðir þjóðanna væru hinir sömu, einn og allir sama eðlis, endaði með einhverju sem var ekki fjölgyðistrú; en þar sem hún svifti hvern guð út af fyrir sig öllum sínum sérstöku eiginleikum, framleiddi hún að eins neitandi eingyðistrú. Nafn guðs var eitt; hann var guð allra manna og þjóða; guð, sem varð fundinn með guðfræðilegum rökleiðslum, en sem ekki varð fundinn þar sem hver og einn, er hans leitaði, hafði hans mesta þörf, þó máské án þess að vita það, í eigin hjarta þess sem leitaði.

Hálf-óljós en þó ákveðin meðvitund um hvað hina neikvæðu eingyðistrú, sem var afleiðing hinnar almennu einingar tilhneigingar, skorti, hafði í för með sér hetjutrú. Sameiningin milli guða og manna, sem menn í þorpsfélaginu og borgarríkinu höfðu trúnað að ætti sér stað, og sem með hrörnun fjölgyðistrúarinnar eða tilbeiðslunnar hafði eyðilagst, var nú fundin í hinu guddómlega í manningum, sem hetjutrúin sá í mikilmennum er báru höfuð og herðar yfir aðra menn. Þessi trú á máskéætur sínar að rekja til gríska átrúnaðarins á verndaranda

(daimon) mannsins og til grísku hetju dýrkunarinnar. Þetta var trú á guddómlegt afl, sem birtist í manningum; en það er athugunarvert, að það var afleiðing en ekki orsök trúarinnar á guddómlegt afl. Hinn fyrsti mikli maður í hinum gríska heimi, sem var viðurkendur sem guddómlegur, var Alexander mikli. Eftirmenn hans nutu sömu upphefðar; Ptólómeus fyrsti á Egyptalandi var tekinn í guðatölu eftir dauðann; og með tímanum fylgdi eðlilega upptaka Kómverjakeisaranna í guðatölu. Í samræmi við þessa trú var persónan, sem hið guðlega afl birtist í, nefnd frelsari (sóter) og birting hins guðlega kraftar í henni brein opinberun, jafnvel fyrir daga kristninnar. Ein stefnan, sem kristindómurinn átti að fylgja, eða öllu heldur fylgdi, var þannig undir búin; heimurinn var að nokkru leyti vanur við og undirbúinn fyrir hugmyndina um guddómlegan frelsara opinberaðan hér og nú á jörðinni. Hversu ónóg þessi hugmynd var út af fyrir sig, sést af því hvernig fór þegar hún fékk á sig þá mynd, að rómversku keisararnir voru gerðir að guðum. Einstaklingurinn, sem var meðlimur hins siðferðislega og mentunarlega samfélags, sem gríska menningin myndaði, fann til engrar andlegrar þarfar fyrir áfdregna neikvæða eingyðistrú, heldur fyrir persónulegan guð, sem hann gat komið til í sínu eigin hjarta. hetjutrú setti af stað hreyfingu, sem var grundvölluð á viðurkenningu hins guddómlega í manningum, en sem endaði með því að bjóða manningum að finna guð, ekki í sínu eigin hjarta, heldur í persónuleika dauðlegs einstaklings eins og hann sjálfur var. Sú hugmynd, að slíkur maður væri guð opinberaður í heiminum, var ekki að eins villandi, það kom á daginn að hún varð fyrirlitleg. Samt sem áður reyndi rómversk stjórnvika — og sú stjórnvika, sem gat myndað og viðhaldið rómverska keisararíkinu, þarf engan annan vitnisburð en þann — að láta þessa hugmynd verða bæði að ytra sameiningar merki og innri sameiningar krafti rómverska ríkisins. Hugmyndin var ekki afleiðing stjórnkænsku; og hún var eitthvað meira en afvega færð hetjutrúar guðfræði. Vér verðum, til þess að skilja hana, að bera í huga, að trúarbrögð ítölsku þjóðflokkanna voru á mjög lágu stigi áður en þeir komust undir áhrif annara þjóða; hinir

innlendu guðir þeirra voru ófullkomnir, en trú þeirra á verndaranda fyrir alla menn var rótgróin. Saga trúarbragða þeirra er öll um það, hvernig útlend trúarbrögð komu hvað eftir annað inn í landið með verzlunar og stjórnámálegum viðskiftum við aðrar þjóðir. Við hlið innlendu guðanna komu hinir ný-innfluttu guðir; fyrst grískir guðir og síðan austurlenzkir. — Sybil, Bakkus, Mípras, Isis. Móttækileiki fyrir trú einkendi Róm — móttækileiki miklu fremur en trúarleg starfsemi. Þessi rómverski móttækileiki varð hjá stjórnámálamönnum þeirra að umburðarlyndi, sem er sama og afskiptaleysi um trúmál — umburðarlyndi, sem þegar það er meginregla stjórnámálanna, leggur áherzlu á ytri trúarbragða síði vegna pólitískra hagsmuna, og sameinar helgisíðahald og algert afskiptaleysi um hverju hver og einn trúir eða hverju hann trúir ekki. Þannig urðu í Róm hinir ytri trúarsíðir innihaldslausir; í þeim myndaðist óeðlileg auðn, sem menn ekki gátu sætt sig við. Syndarmeðvitund, þrá eftir frelsun og hjálpræðisþörf, sem studdu að ef ekki voru orsök dultrúarinnar í Eleosis og annarstaðar í hinum gríska heimi, áttu sér einnig stað í Róm, og dulspekin, sem þreifst í þeim jarðvegi hefir skilið eftir ummerki sín í sjöttu bókinni í Æneid Virgilíusar. Þessi tilfinning um þörf á frelsun var notuð í pólitískum tilgangi af Ágústusi. Stjórn hans átti að byrja nýtt tímabil endurfæðingar og endurnýjungar mannkynsins. Frelsunin átti vissulega að vera þjóðleg, en ekki fyrir einstaklinginu, og hún átti að vera einkend með margbrotnum síðum. Til Hórasar voru sótt ljóð; musteri og prestaembætti voru endurnýjud; Virgilíus var kvaddur til að tengja mikilleik nútímans við dýrð hins liðna. En samt mistókst þessi tilraun að hverfa aftur í tímann. Eða öllu heldur hún tókst, því tilgangurinn, sem á bak við lá, var ekki að hverfa aftur til lýðveldistímanna og lýðveldisstjórnarinnar, heldur að gera greiðari umskiftin frá lýðveldinu til keisaravaldsins, með því, að láta líta svo út sem hreyfingin væri afturhvarf til eldra fyrirkomulags. Tilgangurinn í öllu saman var ekki trúarbragðalegur heldur pólitískur. Keisararnir urðu guðdómlegir, verndarandar þeirra voru tilbeðnir. Upp úr samblöndun allra hugsanlegra trúarbragða, innlendra, grískra, austurlenzkra, reis

keisaradýrkunin og gnæfði yfir alt annað. Gamla ítalska verndaranda trúin var þannig tekin og notuð sem hjálparmeðal til að koma fram pólitískum fyrirætlanum og efla vald keisarans. Dýrkun Caesars virtist vera mjög vel fallin til að sameina fólk af mismunandi þjóðernum og trúarbrögðum, þar sem hún fól í sér bæði trúarlegar tilfinningar og föðurlandsást; hún var hið ytra merki hins eina og óskiftilega ríkis, sem samanstóð af mörgum þjóðum. En dýrkun keisarans endurlífgaði ekki gömlu trúarskoðanirnar. Hún setti þær á óæðri bekk og saug úr þeim merg og blóð. Og þó að hún þannig rændi þær þeim lífskrafti, sem í þeim var, varð hún sjálf ekki sterkari fyrir það. Hún var ekkert nema ytri siður og fyrirskipun, sem hafði ekkert trúarlegt innihald, og fullnægði á engan hátt trúartilhneigingu manna.

Rómverska keisararíkið sameinaði hinn bygða heim í eina pólitíska heild. Gríska menningin hafði gefið heiminum einingu í menningarlegum skilningi, hún var heimsmenning. Það sem það enn þá skorti var trú. En þráin eftir trú óx upp af þörf einstaklings sjálfsmeðvitundarinnar; og byrjun hennar var stærri viðburður í sögunni en myndun rómverska ríkisins og þroskun grísku menningarinnar. Og þrá einstaklingsins eftir einstaklingstrú varð ekki fullnægt með keisaradýrkuninni, sem var það eina, er hið trúarbragðalega afskiftaleysi rómverskra stjórnálmanna gat látið í té til að fylla þá þörf. Hin betri hlið afskiftaleysisins er samt sem áður umburðarlyndi; og trúarbragðalegt umburðarlyndi rómverskra stjórnálmanna leyfði, að minsta kosti fyrst um sinn, einstaklingnum að fylgja tilhneigingu sínum í þeim sökum sem hann vildi. Trúboð stóíkanna, eins og vér höfum séð, miðaði til þess að beina trúrækni einstaklingsins í áttina til siðferðis fremur en trúar. Þegar þess vegna trúartilhneiginguinni var ekki fullnægt með eintómri siðspeki, þá leit að hún mestmegnis stuðnings hjá austurlenzkum trúarbrögðum. Bættar samgöngur, vegir fyrir herlið Rómverja, aukin verzlun, umfram alt langvarandi dvöl rómversku hermanna á útjöðrum ríkisins og blöndun þeirra við útlendinga — alt þetta flýtti fyrir útbreiðslu miðratrúarinnar, sem var sérstaklega í afhaldi hjá hermönnum. Guð, sem var þannig tilbeðinn var ekki

bundinn við neitt borgarfélag né neina þjóð; tilbiðjendur hans mynduðu samfélag, sem gat náð til alls mannkynsins og framleitt heimstrú. Og umburðarlyndi rómversku stjórnariunar leyfði miþratrúnni að breiðast út eins og hún vildi og gat.

Meira.

Cur deus homo?

Bréf til orþodox vinar.

Eftir Rev. STEPHEN PEEBLES. (Þýtt).

Þú ert að líkindum alveg búinn að gleyma samtali okkar fyrir nokkrum árum um starf Jesú. Þú sagðir, ef ég man rétt, að þú heldir, að hann hefði *komid* til að hjálpa mönnum í baráttu sinni við hið illa, og ég svaraði með því að spyrja: “til hvers *komst* þú?” Þetta spurningar-svar mitt er mér enn þá nóg og ég hefði enga tilhneigingu til að bæta neinu við það, ef ég vissi að þú skildir mig til fulls. En vel getur verið að þú hafir ekki að neinu leyti gripið hvað ég átti við.

Lögun líffæris samkvæmt ætlunarverki sínu og jöfnuður hæfileika og lífssviðs er eitt af því, sem er mest aðlaðandi í líffræðinni, og eitt af því nytsamasta fyrir þann, sem vauksakar og leitar nýrrar þekkingar. Því svo alger er þessi lögun samkvæmt ætlunarverki og svo fullkominn jöfnuðurinn milli hæfileika og lífssviðs í öllum gerþektum tilfellum, að þegar að eins líffæri eða hæfileiki er þektur, má hiklaust byrja að leita að samsvarandi ætlunarverki eða lífssviði. Alstaðar í náttúrunni er það gert, sem á að gerast, og jafn áreiðanlegt er hitt, að þar er enginn möguleiki til að vinna neitt nema ætlunarverkin. Ekkert líffæri er til, sem ekki hefir verið séð fyrir ætlunarverki, né hæfileiki án starfsviðs.

Þetta lögmál, sem eftirtekt og reynsla staðfesta, er óum-

breytanlegt í náttúrunni og í mannlífinu, og við höfum ekki um neitt að velja nema að nota það í hugsun okkar viðvíkjandi öllu í trú okkar, sem nær út fyrir hinn þekta heim. Í öllum goðafræðum, indverskum, grískum, norrænum, frá Seifi til Hermesar, frá Þór til Loka, hafði hver guð nægt starfsvið fyrir alla sína hæfileika, og hvert starfsvið guðlegs kraftar tilheyrði þeim guði, sem hæfileika sinna vegna var hæfur til að vinna á því; og hver okkar, þrátt fyrir allar óvissu spurningar, reynir ekki fyrst af öllu að sýna fram á, að það sé rúm og starf fyrir guð í heiminum — starfsvið sem að eins almætti og alvizka, hinn ótakmarkaði geti unnið á. Embætti, sem útheimti ekkert starf er óhugsandi í stjórn alheimsins, en enn þá óhugsanlegra er svið autt og tóm.

Seint á elleftu öld eða mjög snemma á þeirri tólftu var rituð bók af einum nafnkendasta guðfræðingi þess tíma, Anselmu erkibiskupi í Kantaraborg. Titill bókarinnar var orðin, sem standa í byrjun þessa bréfs: *Cur deus homo*. Tilgangur bókarinnar var að segja til hvers guð hefði gerst maður. Fyrir þann tíma höfðu kristnir menn trúað að guð sonur hefði gerst maður til þess, að vera agn fyrir djöfulinn. Því var trúað að syndafallið hefði gefið djöflinum lagalegan tilkallsrétt til allra afkomenda Adams — gildi þessa réttar var stöðugt viðhaldið með syndum manna af hverri kynslóð. En þegar þessi réttur brást, tók djöfullinn hinn ódauðlega og syndlausa guðs son með valdi og krafðist hans fyrir ríki sitt. Hann fyrirgerði rétti sínum með heimildarlausri eignartöku og var neyddur til að undirskrifa uppgjöf á tilkallsrétti sínum til allra kristinna manna.

Martineau hélt fram að þetta væri hin samræmisfylsta framsetning endurlausnartrúarinnar, sem nokkurn tíma hefði til verið, og svo virðist mér vera. En aldarandinn var á móti því að henni væri haldið, og Anselm fylgdi að eins þeim aldaranda, þegar hann gaf alt aðra ástæðu fyrir því að guðs sonur hefði komið til jarðarinnar. Djöfullinn var ekki lengur látinn vera ein persónan í þessum allsherjar sjónleik, réttlæti guðs var látið koma í hans stað. Frá þeim tíma til þeirra tíma, er menn og konur, sem enn eru ekki gömul, muna eftir, hefir því verið trúað af orþódox-kristnum mönnum, að Kristur hafi komið í heiminn,

liðið þjáningar og dauða, til þess að guð gæti fyrirgefið syndurum. Þetta hlutverk var eins ólíkt því, sem honum var eignað áður, og framast gat verið, en hann var ekki látinn vera ætlunarverkslaus. Alt þar til nú, á öllum öldum kristinnar, hafa menn fundið svið og starf, sem hæfði annari persónu guddómsins.

En hvað er nú? Engiun heilvita, kristinn maður af nokkrum flokki trúir, að í sögu heimsins finnist viðburðir, sem á nokkurn hátt líkist þeim, er orþóðox guðfræði byggist á. Vísindaleg þekking bannar okkur að trúa að syndafall hafi átt sér stað, og án syndafalls þurfti ekki að beita djöfulinu brögðum, eða losa náð guðs úr fjötrum réttlætis hans. Guð sonur hefir nú ekkert starfsvið eða ætlunarverk. Því ef við segjum að eins, eins og þú gerðir, að hann hafi komið til að hjálpa mönnum í baráttu sinni við hið illa, þá verðum við mintir á, að eðli mannsins geri honum mögulegt að starfa með föðurnum alstaðar þar, sem siðferðislegt sjálfræði getur komið til greina, og að enginn staður sé eftir skilinn. Ég hefi fulla ástæðu til að trúa, að Jesús hafi notað alla sína krafta til að færa heiminn og mennina nær guði, en það gerir mér ekki mögulegt að finna, samkvæmt orðum þínum annað *cur deus homo*, því við ljós þess kærleika til allra, sem ég sé kringum mig, sýnist mér þessi eiginleiki algerlega mannlegur.

Úr ýmsum áttum.

Fyrir skömmu hófst í Bandaríkjunum hreyfing, sem hefir fyrir markmið að vekja áhuga manna í borgunum á kyrkjumálum. Á fundi, sem haldinn var í New York borg 18. sept., voru um 500 prestar og leikmenn saman komnir. Á fundinum var ákveðið að senda starfsmenn út um öll Bandaríkin og Kanada, og eiga þeir að stofna nefndir í flestum bæjum, sem eiga að snúa

mönnum til kristindómsins og hvetja þá til að taka þátt í kyrkjumálum. Auðmaðurinn mikli, J. Pierpoint Morgan og fleiri auðmenn, leggja fram fé það sem þarf til starfsins.

Hvort árangur þessarar hreyfingar verður mikill eða lítill, leiðir tíminn í ljós.

Stríðið á milli Ítalíu og Tyrklands er alment álitid ranglátt og eingöngu hafið í þeim tilgangi að ná undir sig landsvæði, sem Ítalía hefir lengi haft augastað á. Hafnirnar á norðurströnd Afríku eru all-þýðingarmiklar fyrir verzlun og þess vegna hafa Evropu-stjórnirnar svælt undir sig landskíka þar. Tyrkland virðist enga ástæðu hafa gefið til ófriðar, og í raun og veru hefir um ekkert nema nauðvörn verið að ræða frá þess hálfu. En Ítalía heldur fram að ástandið í Trípólí hafi verið svo ilt fyrir Ítali, sem þar bjuggu, að nauðsyn hafi verið að skerast í leikinn. Mörg blöð í öllum löndum líta svo á, að aðfarir Ítalíu séu óaf-sakanlegar og þvert ofan í friðaróskir alls hins mentaða heims.

Konungssinnar í Portúgal hafa gert tilraunir til að fella hina nýju lýðveldisstjórn og koma konunginum aftur til valda. Snemma í október hófu þeir uppreisn í norðurhluta landsins, en biðu algerðan ósigur. Konungssinnar og kyrkjan hafa reynt að breiða út, að mjög mikil óánægja ætti sér stað meðal almennings með hina nýju stjórn, en stjórnin virðist enn sem komið er hafa eindregið fylgi flestra. Eflaust hefir það talsverða þýðingu fyrir stjórnarfarið í Suður-Evrópu, hvort lýðveldið getur staðið í Portúgal. Margir spá að ekki verði langt að biða þangað til Spánn geri almenna uppreisn gegn konungsveldinu og gerist lýðveldi.

Í Kína hefir oft verið styrjöld frá því sögur fyrst fara af. Keisaraættir^s hafa oft barist um völdin. Sú, sem nú situr að völdum, Mantchu ættin svo nefnda, komst til valda árið 1644, eftir langa og harða baráttu. Hún er af Tartara þjóðflokki, sem býr fyrir norðan Kína. Nú alveg nýlega hefir uppreist verið hafin gegn henni, og er ekkert líkleggra en að hún verði að leggja

niður völdin. Uppreistarmennirnir virðast tilheyra þeim hluta þjóðarinnar, sem vill veita nýjum menningarstraumum inn í landið. Kínverjar í Ameríku hafa, að sagt er, lagt fram allmikið fé þeim og málefni þeirra til stuðnings.

Leitaðu guðs.



Leitaðu guðs um lönd og höf
og lífsins yzt í rann,
himnum ofar, handan gröf;
þú hvergi finnur hann.

Leitaðu hans hjá kirkju' og klerk,
— í hvaða bók sem er. —
Það er að eins óþarft verk,
því eins þar dylzt hann þér.

En leitirðu hans í litlum rann
við lífs þíns instu rót,
þá fljótlega þú finnur hann,
— þitt fullkomnunar mót.

Svo leita hans um lönd og höf,
um lífs gjörvallan rann,
himnum ofar, utar gröf,
nú alstaðar er hann.

Og leita hans hjá kirkju og klerk'
í hvaða bók sem lest;
það er ei lengur óþarft verk,
nú alstaðar hann sést.

Kom þú Krists að leita.



Kom þú Krists að leita,
 kæri bróðir minn!
 Úti um skóg og engi
 ekki ég hann finn.
 Sælir fuglar syngja
 sólarguði ljóð.
 Hvert tré á lauf sitt letrar
 lífsins guði óð.

Kom þú, bróðir kæri,
 Krists vér leitum enn.
 Úti um skóga' og engi
 hann ekki finna menn.
 — En hver er þessi kofi
 við kjarr og engja mót?
 Flestir viðir feisknir
 og fúin torfu rót.

Fjalir fyrir rúðu,
 — feigðar-dimt er það —
 en sólin sér þar rifu
 og sækir myrkrinu að.
 Hér er húsið okkar,
 hér býr ekkja snauð;
 veik og köld og voluð
 og vantar daglegt brauð.

Sonur hennar saklaus
 situr böndum í,
 særður eitursári,
 sérplægnin réð því.
 Hér á Kristur heima,
 hann við big svo tér:

“Kom þú bróðir kæri,
ó, kom í lið með mér”.

“Enn er margt að iðja,
enn er dimt og kalt;
enn er beiskju blandið
bróður-þelið alt”.
Ó! kom þú, bróðir kæri,
Kristur hjálpar þarf!
— Í mannlífinu, maður
mundu, að hans er starf.

JÓN LANDAL.

Hugmyndasambönd.

Allir vita að ein hugsun getur vakið aðra ósjálfrátt og án nokkurrar fyrirhafnar. Oft þegar maður hugsar um eitthvað, sem í sjálfu sér er ekki mjög þýðingarmikið umhugsunarefni í þann svipinn, reikar hugurinn frá því að einhverju öðru. Stundum er þetta hugareyk svo mikið, að maður er á örstuttum tíma kominn að alt öðru efni og máskæ alveg ólíku því, sem maður byrjaði að hugsa um.

Ef vel er aðgætt, sést að hjá mönnum með heilbrigðu sálarlífi fylgir hugarreikið vissum lögum. Með öðrum orðum, það eru eðlileg sambönd milli hugmyndanna, hversu fjarskýld sem sú síðasta kann að vera hinni fyrstu. Hugmyndasamböndin eru mjög þýðingarmikið atriði í sálarfræðinni, en um leið eitt hið flóknasta og erfiðasta viðfangs.

Hugsum oss, til dæmis, að maður byrji að hugsa um pappírsörk, sem liggur á borði fyrir framan hann. Fyrstu áhrifin, sem pappírsörkin hefir á heila hans, eru áhrif þau, sem augað og sjóntaugin flytja. Pappírsörkin er hvít og hún hefir vissa

hæð og breidd. Þessi áhrif kalla nú fram mynd í huganum af einhverju, sem sá, er fyrir þeim verður, hefir séð áður, og sem í aðalatriðunum líkist pappírsörkinni, t. d. hvíta ullarbreiðu; frá ullarbreiðunni reikar hugurinn að snjóþaktri jörðunni. Pappírsörkin, ullin og snjórinn hafa sama lit og líka lögun. En nú að líkindum er annað einkenni snjóarins, nefnilega kuldi, eins ríkt í endurminningunni um hann og öll önnur einkenni, og þá beinist hugsunin inn á nýja braut. Kuldaendurminningin af snjónum kallar fram mynd af hafsbreiðu; hafsbreiðan aftur mynd af skipi.

Setjum svo, að í stað þess að festa hugann við lit og lögun pappírsins, sem eru hin eftirtektaverðustu einkenni hans, fari maðurinn, sem á hann horfir, að hugsa um efnið í honum, þá gæfi það orsök til alt annara hugmyndasambanda. En einnig í því tilfelli mundi mega finna eitthvert náttúrlegt samband milli hinna sérstöku hugmynda, frá hinni fyrstu til þeirrar síðustu.

Hvers vegna eiga hugmyndasambönd sér stað?

Öll áhrif, sem vér verðum fyrir frá hlutum umhverfis oss, berast til heilans með þar til gerðum taugum. Áhrifin, sem augað verður fyrir, valda efnalegum breytingum, að menn ætla, í nethimnu augans; sjóntaugin, sem endar í nethimnunni ber þessi áhrif til heilavindinga í afturheilanum. Til þess að nokkur sjón geti átt sér stað, hjá manningum og hærri dýrum, þurfa augað, sjóntaugin og heilavindingarnir, sem sjóntaugin liggur til, að vera heilbrigð. Hið sama á sér stað með öll önnur skynjanafæri. Mennt þekkja nokkurn vegin þá staði heilans, sem eru bústaðir hinna svo nefndu skilningarvita og einnig ýmsra líkamshreyfinga. En á milli þeirra og annara staða heilans liggja ótal mörg sambönd, sem enn eru næsta lítið þekt. Þegar vér skynjum, heyrum eða sjáum t. d., þá ekki að eins berast áhrifin til heilans, heldur skilja eftir viss ummerki þar, sem geymast eftir að skynjunin hættir. Þessi ummerki skynjananna í heilanum eru fyrir utan vanalega meðvitund, nema þegar vér munum eftir skynjunar-reynslunni, sem skildi þau eftir; þau eiga sér stað í því, sem nefnt er undirvitund, sem reynd er nokkuð óákveðið hvað er. Ný skynjun getur eins og snert þessi

ummerki og kallað þau fram í meðvitundina, og þá verða þau að hugmynd (mynd í hugarum, en ekki hugmynd í vanalegri hálf-óákveðinni merkingu). Og ekki að eins getur ný skynjun kallað þau fram, heldur einnig getur ein hugmynd kallað fram aðra. Þannig getur myndast hugsanagangur, sem tengir hugmyndirnar saman; fyrst og fremst þær, sem líkastar eru í aðalatriðunum og síðan þær fjarskyldari. Þannig verða hugmynda-sambönd til, og þau alveg eins og skynjunin og varðveizla hennar í heilanum hljóta að byggjast á efnalegum breytingum í heilanum.

Þegar einhver viss hugmyndasambönd hafa oft átt sér stað, verða þau föst og ákveðin, þannig, að ein hugmynd, sem rís tengir sig ófrávíkjanlega við aðra; t. d. mundi hugsunin um hraða kalla fram hugmynd af veðhlaupahesti og hringbraut hjá manni, sem væri vanur að horfa á veðreiðar, þjótandi járnbrautarlest hjá þeim, sem stöðugt ferðaðist með járnbrautarlestum og gangbraut jarðarinnar eða einhverrar stjörnu hjá stjörnufræðingi.

Hugmyndasamböndin eru ákaflega margbrotin, þau eru glögg eða óskýr og þau hafa í för með sér vissar tilfinningar eftir því hvort endurminningin um það, sem þau kalla fram, er þægileg eða óþægileg. Þau eru mjög áriðandi, bæði fyrir minnið og fjölbreytni og frumleik hugmyndanna.

Víðfleygi ímyndunarafsisins er að miklu leyti komið undir greiðum hugmyndasamböndum, og fyndni er ekkert annað en ein tegund þeirra.



Vilhjálmur í mylnunni.

SAGA EFTIR ROBERT LOUIS STEVENSON.

SLÉTTAN OG STJÖRNURNAR.

Framhald.

Hið sanna líf, hið verulega bjarta sólskin var langt í burtu niðri á sléttunni. Og ó! að fá að sjá sólskinið einu sinni áður en hann dæi! að ganga um glaður í huga í landinu undurfagra! að heyra æfða söngvara, hljómfagar kyrkjuklukkur og sjá skemtigarðana! “Ó, fiskar!” hrópaði hann, “ef þið að eins gætuð snúið ykkur niður eftir straumnum, þá gætuð þið hæglega synt út í sjóinn, sem svo margt er sagt um, og séð stóru skipin líða áfram yfir höfðum ykkar eins og ský og heyrt nið stóru vatnsfjallanna allan daginn!” En fiskarnir horfðu stöðugt í sömu áttina, þar til Villi vissi ekki hvort hann átti að hlæja eða gráta.

Hingað til hafði umferðin á veginum farið fram hjá Villa eins og mynd af einhverju: hann hafði máské tekið kveðju ferðamanns, eða séð gamlan mann með ferðahúfu á höfðinu sitjandi við vagnlugga; en að mestu leyti hafði það sem hann sá verið eins og tákn, er hann virti fyrir sér á lengdar með hjátrúarblandinni tilfinningu. Loksins kom sá tími að þetta breyttist. Malarinn, sem var ágjarn maður á sinn hátt og aldrei sat sig úr færi með að auka tekjur sínar á heiðarlegan hátt, snéri mylnunni upp í ofurlítið gistihús við veginn, og, þar sem hann varð fyrir ýmsum höppum bygði hann hesthús og náði í póstmeistara embættið. Það varð nú skylda Villa að ganga fólki fyrir beina, sem fékk sér hressingu í litla laufskálanum í mylnugarðinum; og eins og við mátti búast hafði hann eyrun opin og lærði margt nýtt um heiminn fyrir utan dalinn, um leið og hann bar fram eggjakökurnar eða vínið. Oft átti hann tal við gesti, sem voru einir, og með sniðugum spurningum og kurteisri aðgætni saddi

hann forvitni sína og ávann sér hylli ferðamanna. Margir hrósuðu gömlu malarahjónunum fyrir vikadrenginn þeirra; og háskólakennari einn var áfram um að taka hann með sér og menta hann niðri á sléttunum. Malarinn og kona hans voru hissa og þótti vænt um. Þau töldu sig heppin að hafa byrjað greiðasöluuna. “Það er auðséð”, var gamli malarinn vanur að segja, “að hann hefir veitingamanns hæfileika; það hefði aldrei orðið neitt úr honum við nokkuð annað” Og svona leið lífið í dalnum; allir voru þar hæst-ánægðir nema Villi. Hver vagn, sem fór frá veitingahússdyrunum eins og tók með sér einhvern hluta af honum; og þegar ferðafólkið í gamni bauð honum að vera með dálitinn spöl, átti hann fult í fangi með að ráða við geðs-hræringar sínar. Nótt eftir nótt dreymdi hann að hann væri vakinn af þjónum í miklu fátí og að ljómandi fallegur vagn biði sín við dyrnar til að flytja sig niður á sléttuna; nótt eftir nótt, þangað til draumurinn, sem honum þótti í fyrstu mjög skemtilegur, fór að verða alvarlegri, og kallið á næturnar og bíðandi vagninn fyltu huga hans með ótta og von.

Einn dag, þegar Villi var hér um bil sextán ára, kom feitlaginn, ungur maður um sólsetur og gisti nóttina. Hann hafði ánægjulegt andlit, hýr augu og bær malpoka. Meðan verið var að búa til kveldverðinn sat hann í laufskálanum og las í bók; en strax og hann fór að taka eftir Villa lagði hann frá sér bókina; hann var auðsjáanlega einn af þeim, sem taka lifandi fólk fram yfir fólk búið til úr bleki og pappír. Þó Villa fyndist ekki mikið til um gestinn fyrst þegar hann sá hann, fór honum að þykja gaman að heyra hann tala, það sem hann sagði var fult af góðmensku og viti, og Villi fór loks að bera mikla virðingu fyrir mannkostum hans og vitsmunum. Þeir sátu saman langt fram á nótt. og þegar klukkan var orðin tvö sagði Villi manninum alt um hagi sína, hvað sig langaði til að skilja við dalinn og hversu bjartar vonir hann hefði gert sér í sambandi við borgirn-ar á sléttunni. Ungi maðurinn blístraði og brosti síðan.

“Vinur minn”, sagði hann, “þú ert sannarlega mjög forvitinn drenghnokki, og þig langar til að fá margt, sem þú munt aldrei fá. Þú mundir verða mjög skömmustulegur ef þú vissir

hversu drengirnir í þessum æfintýra borgum þínum sækjast allir eftir sömu vitleysunni og þrá af öllu hjarta að komast upp í fjöllin. Og ég skal segja þér eitt, þeir, sem fara niður á sláttuna dvelja þar mjög stutt þangað til þeir fara að óska að þeir væru komnir heim aftur. Loftið er ekki eins hreint og létt þar og sólskinið ekki bjartara. Og hvað viðvíkur fallegum mönnum og konum, þú mundir sjá margt af þeim í tötrum og margt af þeim afmyndað af hræðilegum sjúkdómum; og borgirnar eru svo slæmir staðir fyrir fólk, sem er fátækt og viðkvæmt, að margir grípa til þeirra úrræða að stytta sér aldur”.

“Þú hlýtur að halda að ég sé mjög einfaldur”, svaraði Villi. “Þú mátt trúá því að ég heff haft opin augun, þó ég hafi aldrei komið út úr þessum dal. Ég veit hvernig eitt lifir á öðru; t.d., hvernig fiskarnir bíða í hringiðunni til að ná í félagi sína; og smalinn, sem er svo fallegur á myndunum, þegar hann ber heim lambið, ber það heim til að hafa það í miðdagsverð. Ég býst ekki við að finna alt eins og það á að vera í borgunum. Það er ekki það, sem veldur mér áhyggju; það getur hafa verið það einu sinni; en þó ég sé alt af hérna, hefi ég samt spurt margra spurninga og fræðst töluvert nú síðustu árin, og það hefir nægt til að lækna mig af mínum gamla hugarburði. En þú vildir ekki láta mig deyja eins og hund án þess að hafa séð alt sem hægt er að sjá og gert alt sem maður getur gert, hvort sem það er gott eða ilt? Þú vildir ekki að ég eyddi öllum mínum dögum hér á milli vegarins og árinna, án þess svo mikið sem að reyna til að lifa lífi mínu? — Ég vildi heldur deyja undir eins”, hrópaði hann, “en dragast áfram eins og ég geri nú”.

“Þúsundur manna”, sagði ungi maðurinn, “lifa og deyja eins og þú og eru ekki óhamingjusamir fyrir það”.

“Ó!” sagði Villi, “ef það eru til þúsundur sem vildu vera í mínum sporum, hvers vegna skyldi þá ekki einhver þeirra fá það?”

Það var orðið dimt; lampi hékk í laufskálanum, sem kastaði ljósi á horðið og andlit þeirra, sem töluðu; meðfram dyrboganum lágu laufin á skálagrindinni og sló ljósið birtu á þau við dökkan næturhimininn, þau litu út eins og gagnsætt, grænt

myndaskraut á dökkbláum grunni. Ungi maðurinn feiti stóð á fætur, tók um handlegginn á Villa og leiddi hann út undir beran kveldhimininn.

“Hefirðu nokkurn tíma horft á stjörnurnar?” spurði hann og benti upp.

“Oft og einatt”, svaraði Villi.

“Og veiztu hvað þær eru?”

“Ég hefi hugsað mér marget”.

“Þær eru heimar eins og jörðin okkar”, sagði ungi maðurinn. “Sumar þeirra eru minni, en aðrar milljón sinnum stærri; og sumir minstu ljósdeplarnir, sem þú sérð eru ekki að eins heimar, heldur hópur af heimum, sem snúast hver um annan í geimnum. Við vitum ekki hvað getur verið í neinum þeirra; máske úrlausn allra okkar vandkvæða, eða lækning allra okkar meina. Og þó getum við aldrei náð þangað; öll kunnátta hinna mærgfróðustu manna gæti ekki útbúið skip, sem næði til hins næsta af þessum heimum, og hin lengsta mannsæfi mundi heldur ekki verða nógu löng fyrir slíkt ferðalag. Þegar við höfum beðið ósigur í einhverjum stórkostlegum bardaga eða þegar kær vinur hefir dáið, þegar við erum yfirbugaðir eða þegar alt leikur í lyndi, alt af og ófrávikjanlega skína stjörnurnar yfir höfðum okkar. Þó hér stæði heill her af mönnum og hrópaði af öllum mætti, þá mundi ekki hinn minsti ómur ná þangað. Hið eina sem við getum gert er að standa hér niðri í garðinum og taka ofan; stjörnuljósið skín á höfuð okkar, og þar sem mitt er að byrja að verða sköllótt er ég viss um að þú getur séð glampa á það í myrkrinu. Fjallið og músin. Það verður víst aldrei meira, sem við höfum með Arktúrus að gera. Skilur þú dæmisögu?” bætti hann við og lagði höndina á öxlina á Villa. “Dæmisaga er ekki hið sama og rökfærsla, en sannfærir vanalega miklu betur”.

Villi beygði höfuðið dálitla stund, síðan leit hann aftur upp. Honum sýndist stjörnurnar stækka og verða bjartari, og eftir því sem hann leit hærra sýndist honum þær fjölga.

“Nú skil ég”, sagði hann við unga manninn, “við erum í rottugildru”.

“Já, eitthvað er það líkt því. Hefir þú nokkurn tíma séð íkorna hlaupa í kring í búri og annan íkorna sitja með spekingssvip yfir hnetunum sínum? Ég þarf ekki að spyrja að hver þeirra var heimskulegri”.

MARGRÉT PRESTSDÓTTIR.

Að fáum árum liðnum dóu gömlu hjónin, bæði sama árið, uppeldissonur þeirra hjúkraði þeim mjög vel og syrgði þau svo lítið bar á, þegar þau voru dáið. Fólk, sem hafði heyrt talað um þrá hans eftir ferðalagi, bjóst við að hann mundi fljótt selja eignina, og halda niður með ánni til að leita gæfunnar. En það bar ekkert á slíkri fyrirætlun hjá Villa. Þvert á móti, hann lét gera umbætur á veitingahúsinu, og fékk sér tvo þjóna til að hjálpa sér til að annast um það; og þar hélt hann kyrru fyrir. Hann var ræðinn, en nokkuð dulur piltur, sex fet og þrír þumlungar á sokkaleistunum, með hraustan líkama og vingjarnlegan málróm. Hann komst brátt í álit í héraðinu sem sérvitringur; og það var lítil furða, því hann var svo fullur af hugmyndum, og dró margt í efa, sem mönnum alment fanst sjálfsagt; en það sem olli mestu umtali um hann, var hið einkennilega ástaræfinnýri milli hans og Margrétar prestsdóttur.

Framh.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únítaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFUND:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnasonar, 385 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstaði. Vér kaupum sölu-samninga, lánun peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 ATKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. Box 645

ÞESSIR ERU

útsölu og innheimtumenn Heimis Í CANADA OG A ISLANDI

Deir taka á móti úskriftagjaldi og semja við kaupendur fyrir blaðsins hönd, hver í sínu bygðarlagi.

- Sig. J. Magnússon, Pine Valley; Man.
- B. B. Olson, Gimli, Man.
- Sig. Sigbjörnsson, Árnes, Man.
- Sig. Víðdal, Hnausa, Man.
- Páll Jakobsson, Hecla, Man.
- Björn Jónsson, Vestfold, Man.
- Pétur Bjarnason, Otto, Man.
- Niels Hallson, Mary Hill, Man.
- Sigurjón Jónsson, Cold Springs, Man.
- G. J. Olson, Glenboro, Man.
- Gunnar Helgason, Swan River, Man.
- Sigfús Sveinsson, Árdal, Man.
- Ólafur Jóhannson, Winnipegosis, Man.
- Magnús Hinriksson, Churchbridge, Sask.
- Mrs. Halldóra Gíslason, Dongola, Sask.
- Ólafur Pétursson, Foam Lake, Sask.
- Pétur Björnsson, Kristnes, Sask.
- Jón Laxdal, Laxdal, Sask.
- Björgólfur Jónsson, Hólar, Sask.
- G. S. Grímsson, Markerville, Alta.
- Vilhjálmur Olgeirsson, Ísafjörður, Ísland.

BARNALÆRDÓMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenskum bóksölum. :: ::

VERÐ: 35 cent

